

Nr. 116 / 13 Árni Friðriksson RE 200**Skipverji slasast við töku veiðarfæris**

Skipaskr.nr. 2350 IMO nr. 9192404
Smíðaður: Chile 2000, stál
Stærð: 980 brl. 2233 bt.
Mesta lengd: 69,9 m Skráð lengd: 62 m
Breidd: 14 m Dýpt: 10,3 m
Vél: Caterpillar 4408 kW, 1999
Fjöldi skipverja: 24



Árni Friðriksson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 6. október 2014 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 19. júlí 2013 var rannsóknarskipið Árni Friðriksson RE 200 í rannsóknnum með flotvörpu á Austurdjúpi. Veður: SA 5 m/sek og sjór 1 m.

Skipverjar voru að hífa inn flotvörpuna þegar annað tógið sem stjórnaði flotvörpustýringunni við tromluna slitnaði með þeim afleiðingum að það slóst yfir til bakborða og lenti á einum skipverja. Hann kastaðist aftur á bak og lenti á keðjulóði og bobbingarennu svo hann missti meðvitund. Siglt var strax áleiðis í land og þyrta LHG var send til móts við skipið til að sækja slasaða.

Annar skipverji lenti einnig fyrir veiðarfærinu og kastaðist til en hann kvartaði undan eymslum í rófubeini.

Við rannsókn kom fram:

- að tógið sem slitnaði var tæplega þriggja mánaða gamalt 14 mm ofurtóg og var notað til að stýra gleraugunum sem veiðarfærið var dregið í gegnum inn á flottromluna. Talið er að það hafi nuddast við brún á bobbingarennu og skemmst við það;
- að eftir atvikið var skipt um og sett 20 mm ofurtóg.
- að skipverjinn var staddur inn á togþilfari að vinna við að greiða úr flækju við stýringuna;
- að skipverjarnir sem urðu fyrir veiðarfærinu voru með öryggishjálma.

Nefndarálit:

Orsök slyssins var að tógið var skemmt.